

Att Arkitektar ehf.

Tryggvi Tryggvason arkitekt faí.
Suðurlandsbraut 30 108 Rvk.
s: 555 6040
GSM: 897 2380

tryggvi.tr@gmail.com

Reykjavík, þann 13. Mars. 2013

Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Bt. Brynjar Rafn Ólafsson

Efni: Breyting á aðaluppdraðtti bygginganna á lóð nr. 18-20 við Vesturgötu.

Fyrir hönd lóðarhafa lóðarinnar Vesturgötu 18-20 óskar undirritaður eftir breytingum á aðaluppdraðtti bygginganna á sömu lóð dags. 22. febrúar 2007, skv. meðfylgjandi breytingum á uppdráttum gerðum af Att Arkitektum ehf. dags. 13. mars 2013.

Lóðarhafi Vesturgötu 18-20 Leiguhlíð ehf.
Lágmúla 6
108 Reykjavík.
kt. 530602 2380

Breytingarnar fela í sér eftirfarandi:

Lóð. Stoðveggir og frágangur á lóðarmörkum er breytt úr s.k. Gabíónum m. grjóthnullungum í blæbrigðaríkari og grænni útfærslu.
Sjá tilvísun í byggingarlýsingu á aðaluppdraðtti, sbr.:

„Stoðveggir úr grjóthleðslum og steyptum stoðveggjaeiningum klæða austurhlíð bílskúrsveggja þar sem þeir koma upp úr jörðu, u.p.b. 50 sm upp- og niður fyrir útigólf. Sígrænn gróður (þinur og skriðmispill) vex út yfir brúnir og mykja ásýnd byggingarinna. Frágangur á lóðamörkum þar sem brattinn er mestur (lóðrétt í norður og vestur) er byggður úr sams konar stoðveggjaeiningum í bland við grjóthlaðna fleti. Sígrænn gróður (þinur og skriðmispill) vex út yfir hillur og brúnir. Gróðri er ætlað að mykja ásýnd stoðveggja að nágrannalóðum.“

Lítilsháttar breytingum við anddyri nr. 20 er ætlað gera útisvæðin þægilegri.

Varðandi frágang leikvæðis, stoðveggjar að hringtorgi og girðingar í NV-hluta lóðarinnar vísast til niðurstöðu vinnufundar hönnuðar með Berglindi Guðmundsdóttur landslagsarkitekts þ. 8. mars s.l.

Hallandi þakfletir

Uppbyggingu hallandi þakflata er breytt úr steyptum plötu (burðarvirki) í timbur / sperrubök klædd m. læstum zinkklæðningum. Viðeigandi sneiðingar eru uppfærðar í breyttum aðaluppdrætti.

Stigar Vegna vangár fyrrverandi verktaka við uppsetningu stigaeininga hafa millipallar stiga í báðum byggingunum styst um 18 sm. Þessar áorðnu breytingar eru uppfærðar í breyttum aðaluppdrætti. Þess verður vandlega gætt við hönnun stigahandriða að þau þrengi millipalla stiganna ekki frekar.

Varðandi réttan skilning á framangreindum breytingum á byggingunum vísast til vinnufundar hönnuðar með Brynjari Rafni Ó. o.fl. þann 10. jan s.l.

Framangreindar breytingar hafa engin áhrif á Skráningartöflu dags. 12.12.2012. (skrásetjari Ragna Þóra Ragnarsdóttir)

Virðingarfyllst

F.h. lóðarhafa Vesturgötu 18-20

Tryggvi Tryggvason arkitekt faí.